



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 21. október 2021

Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn Guðlaussón skólastjóri, Bryndís K. Sigurðardóttir fulltrúi kennara, Grétar Birgisson fulltrúi kennara, Inga Oddsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Guðvarður Ólafsson og Óskar Auðunn Finnsson (var á Teams) fulltrúar foreldra, Dröfn Pétursdóttir og Rinalds Kluga fulltrúar nemenda, Magnús Gunnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins.

1. Upphaf skólastarfs. Um var að ræða óhefðbundna skólasetningu þar sem nemendur byrjuðu inn í sinni umsjónarstofu. Tvö smit komu upp á fyrstu tveimur vikum skólans. Tæplega 400 nemendur eru nú í skólanum. Námsviðtölin eru á morgun og fara fram með hefðbundnum hætti.
2. Starfsáætlun Hvaleyrarskóla 2021-2022 – Verður lögð fyrir næsta fund skólaráðs.
3. Skólanámskrá Hvaleyrarskóla 2021-2022 –Skólanámskráin lögð fram og vísað í svæði á vef þar sem hægt var að kynna sér skólanámskrána.
 - a) Hér má finna slóð á bekkjarnámskrár allra árganga: <https://drive.google.com/drive/folders/17FOeTMi1HhM1i5mlqTKQsKDILQ2UH897?usp=sharing>
 - b) Skólanámskráin fer á vef skólans.
4. Skóladagatal 2021-2022 – breyting á skóladagatali.
 - a) Skólastjóri leggur til að uppbrotsdagur sem vera á föstudaginn 19. nóvember verði föstudaginn 3. desember. Þennan dag er stefnt að hafa Skólaping fyrir nemendur skólans.
Niðurstaða: Skólaráð Hvaleyrarskóla samþykkir þessa breytingu fyrir sitt leiti.
5. Hverfisrölt á Holtinu. Sagt var frá hverfisrölti (foreldrarölti) sem komið er af stað hér á Holtinu. Margrét deildarstjóri frístundamiðstöðvar sendi póst á foreldra og kynnti röltið. Nokkrir foreldrar fóru röltið síðasta föstudagskvöld og þau urðu ekki vör við hópamyndanir. Það eru komnir foreldrar á einhver næstu föstudagskvöld. Skólaráð hvetur foreldra til að skrá sig.
6. Ný brú yfir Reykjanesbraut. Fram kom fyrirspurn hvernig brúin yfir Reykjanesbrautina nýttist. Brúin nýttist vel bæði nemendum skólans og þeim nemendum sem sækja æfingar niður á Ásvelli eftir skóla og um helgar. Með brúnni þá er ekki sami halli á brekkunni og áður og því auðvaldara að ferðast.

Næsti fundur: í lok nóvember 2021.

Fundi slitið kl. 15:25

Samantekt skráði: Kristinn skólastjóri.